

Stofnanasamningur

Eftirfarandi stéttarfélög, AFL Starfsgreinafélag, Bárán, stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Verkalýðsfélag Suðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa fyrrgreindra stéttarfélaga við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli Starfsgreinasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sem undirritaður var þann 06.03.2020.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna HSU sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 06.03.2020.

2. Markmið

Með þessum stofnanasamning er markmið aðila samnings:

- Að bæta stjórnun og tengja árangur stofnunar og starfsmanna
- Að ná fram gæðum í launakerfi, t.d. sveigjanleika, hlutlægni og gegnsæi
- Að gera stofnunina að betri vinnustað
- Að stuðla að launajafnrétti kynjanna
- Að opið sé fyrir starfsþróun með starfsmannasamtölum, frammistöðumati og skýrt umbunarkerfi fyrir endurmenntun. Þannig megi efla hæfni og þekkingu starfsmanna

3. Störf og röðun þeirra í launaflokka

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verkvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun.

Röðun starfs:	Lfl.
▪ Starfsmaður við ræstingu	7
▪ Starfsmaður í bítibúri	7
▪ Starfsmaður í eldhúsi	7
▪ Matartæknir	12
▪ Starfsmaður í þvottahúsi	7
▪ Starfsmaður við umönnun	8
▪ Móttökuritari	9
▪ Heilbrigðisgagnafræðinemi	11
▪ Heilbrigðisgagnafræðingur	12
▪ Sjúkraflutningamaður 1 (Basic)	10



▪ Sjúkraflutningamaður 1 (Neyðarflutningsréttindi)	12
▪ Varðstjóri Sjúkraflutninga	16
▪ Félagliði	12
▪ Verkstjóri í þvottahúsi	10
▪ Ræstingarstjóri	16

4. Viðbótarforsendur metnar til launaflokka og þrepa til viðbótar við grunnröðun

Meta skal starfsreynsla bæði innan og utan stofnunar sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti.

Eftir eitt ár í starfi	1. lfl.
Eftir 3 ár í starfi	1. lfl.
Eftir 5 ár í starfi	1. lfl.
Eftir 8 ár í starfi	1. lfl.
Eftir 10 ár í starfi	1. lfl.
Eftir 15 ár í starfi	1. lfl.

i. Heilmilt er að meta persónubundna þætti er nýtast í starfi til þrepa s.s.

- Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði eða góður árangur í starfi
- Tímabundin aukin ábyrgð
- Sérstakt álag og erfiðleikastig
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit
- Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum

ii. Heimilt er að meta tímabundna þætti er nýtast í starfi til þrepa s.s.

- Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum
- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Þróun og nýsköpun
- Sérstak álag og erfiðleikastig
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit
- Öflun nýrra verkefna og hugmynda

iii. Sí- og endurmenntun sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starf

▪ Eftir 40 klst. námskeið	1 þrep
▪ Eftir 80 klst. námskeið	1 þrep
▪ Eftir 170 klst. námskeið	1 lfl.
▪ Eftir 240 klst námskeið	1 lfl.

Hækkanir vegna viðbótarmentunar ber að meta sem svo að þrep/lfl. sem áunnist hafa í fyrra starfi flytjast með starfsmanni verði breyting á starfsheiti innan stofnunarinnar

Starfsmaður með fullt hús þrepa hækkar um launaflokka í stað þreps ef ákvæði samningsins kveður á um viðbótarhækkun.

iv. Menntun sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starfs

- Menntun starfsmanns sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs skal meta sem hér segir:
- Tveggja skólaára nám, m.v. fullt nám, á framhaldsskólastigi hækkar um launaflokk
- Til viðbótar hækkar stúdents/sveinsprófi, sérstakt fagnám og annað nám sambærilegt framhaldsskólastigi um tvo launaflokka
- Eins árs diplóma á háskólastigi hækkar um tvo launaflokka
- Grunnám á háskólastigi hækkar um fjóra launaflokka
- Meistaránám á háskólastigi hækkar um fjóra launaflokka til viðbótar

v. Sérstök viðbótarlaun vegna aðstæðna við störf

- Starfsmaður í þvottahúsi sem vinnur að flokkun forþvottar skal fá álag fyrir hverja klukkustund sem svarar 33,33% álagi
- Þegar starfsmenn vinna við hreingerningu vegna sóttmengunar sem krefjast sérstakra þrifa skal greiða 55% álag fyrir þann tíma sem hreingerningin varir
- Þeir starfsmenn sem starfa í eldhúsi HSU á Selfossi fá greitt fyrir sérstaka frídaga og helgidaga í fjarveru kokksins/matreiðslumannsins (kokkaafleysing) með eftirfarandi hætti: Fjöldi vakta pr. mánuð deilist í 30% starf og hver starfsmaður fær greitt hlutfallslega m.v. fjölda slíkra vakta

5. Starfsmannastefna

Í samræmi við stefnu HSU í starfsmannamálum á starfsmaður rétt á starfsmannaviðtali árlega. Þar skal rætt um starfsþróun, hvort starfslýsing viðkomandi starfsmanns sé rétt og þar með röðun starfs. Við slíkt mat skal taka tillit til breytinga á starfi hans og starfssviði frá því starfið var metið síðast.

6. Samstarfsnefndir

Hlutverk samstarfsnefndar er skilgreint í kjarasamningi SGS og ríkis. Samstarfsnefnd hefur m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af kjarasamningi og þessum stofnanasamningi.

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður eigi síðar en fjórum vikum eftir að erindi berst.

7. Endurskoðun og gildistími

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra eða þegar annar aðili óskar þess. Heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2021

Selfossi 14.04.2021

f.h Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

f.h. AFLs Starfsgreinafélags

f.h Bárunnar, stéttarfélags

f.h Drífanda stéttarfélags

f.h Verkalýðsfélags Suðurlands

Bókun 1

Þeir hjúkrunarnemar sem kjósa að halda aðild sinni að ofangreindum félögum á námstíma sínum skulu ráðast með eftirfarandi hætti:

Hjúkrunarnemi eftir 1. ár 80% af grunnröðun nýútskrifaðs hjúkrunarfr.

Hjúkrunarnemi eftir 2. ár 85% af grunnröðun nýútskrifaðs hjúkrunarfr.

Hjúkrunarnemi eftir 3. ár 90% af grunnröðun nýútskrifaðs hjúkrunarfr.

Bókun 2

Þeir starfsmenn sem hafa betri kjör eða hafa hærra grunnröðun en hinn sameiginlegi stofnanasamningur við HSU gerir ráð fyrir, halda þeim réttindum og kjörum svo lengi sem samfelld ráðning varir. Þetta gildir einnig fyrir þau samkomulög sem félögin eru með varðandi einstakar starfsgreinar innan gömlu stofnananna.

Bókun 3

Sjúkraflutningamenn á Hornafirði

1. Bakvaktarálag

Í stað bakvaktarálags greiðast 4,5 tímar í yfirvinnu fyrir hvern sólarhring sem bakvakt er staðin. Yfirvinnukaup á bakvakt reiknast út frá launaröðun starfsmanns að hverju sinni.

Lágmarks útkall er 4 klst. Vari útkall lengur en 4 klst. greiðist yfirvinna fyrir þann tíma er útkallið varir. Komi til annars útkalls innan tveggja klst. frá því að fyrri útkalli lauk skal greiða samfellt frá upphafi fyrri útkalls eins og um samfellda vinnu sé að ræða.

Yfirvinna í útköllum vegna takmarkana á matar- og kaffitímum, skal greiða sem svarar 15 mínútur í yfirvinnu fyrir hvert 4 klst. útkall og hlutfallslega ef unnið er lengur. Séu útköll styttri en 4 klst. fellur þessi greiðsla niður.

2. Líkamsrækt

Sjúkraflutningamenn skulu fá líkamsræktarstyrk að fjárhæð kr. 25.000- árlega auk þess hafa þeir frían aðgang að sundstöðum. Upphæð líkamsræktarstyrks skal taka breytingum 1. september ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs með vísitölu nóvembermánaðar 2015 sem grunnvísitölu.

3. Desember- og orlofsuppbót

Fastráðnir sjúkraflutningamenn skulu fá greidda fulla desember- og orlofsuppbót í samræmi við hlutfall ráðningartíma. Uppbótin greiðist sem önnur föst laun 01.06. og 01.12 ár hvert. Þessi bókun nær til þeirra starfsmanna sem eru ráðnir við HSU við gildistöku þessa samnings þann 1. janúar 2021. Bókun þessi gildir eins lengi og samfelld ráðning fyrrgreindra starfsmanna varir. Starfsmenn sem ráða sig eftir gildistöku þessa stofnanasamnings fá orlofsuppbót í samræmi við kjarasamning Starfsgreinasambandsins við fjármála- og efnahagsráðherra að hverju sinni.

4. Símtækjagreiðslur

Sjúkraflutningamenn fá greiðslu að upphæð 3.000 kr. vegna notkunar á eigin síma á mánuði

Bókun 5

Aðferðarfræði við vörpun í nýja launatöflu sem tekur gildi 1. janúar 2021. Launataflan endurspeglar þær hækkunir sem samið var um í kjarasamningnum undirrituðum 06.03. 2020. Við yfirfærslu (vörpun) í nýja töflu skal hverjum og einum félagsmanni fundinn staður í nýju launatöflunni þannig að hækkunin á samningstímanum verði að lágmarki kr. 90.000 á samningstímanum.

Undirritunarsíða

Cecilie B. H. Björgvinsdóttir

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir

Ari Sigurðsson

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Arnar G Hjaltalín

Guðrún Elín Pálsdóttir